

46

13. apríl

REGLUGERÐ

um breyting á reglugerð nr. 111 20. júlí 1957, um íbúðalán
veðdeildar Landsbanka Íslands.

1. gr.

Í stað orðanna „— stjórn Seðlabankans —“ í 2. gr. komi: „— stjórn veðdeildarinnar —“

2. gr.

Í stað 7% í 3. og 15. gr. komi: 8%.

Reglugerð þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 42 1. júní 1957 um húsnæðismálastofnun, byggingarsjóð ríkisins, sparnað til íbúðabygginga, breyting á I. kafla laga nr. 36/1952 o. fl., til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Félagsmálaráðuneytið, 13. apríl 1961.

Emil Jónsson.

Hjálmar Vilhjálmsson.

47 Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá
19. apríl Ytri-Hjarðardal, útgefin á venjulegan hátt að mandatum af dómsmálaráðherra 19.
apríl 1961.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Minningarsjóður húsfreyjanna frá Ytri-Hjarðardal, Helgu Guðmundsdóttur og Mariú Steinþórsdóttur.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður af Kristjáni Jóhannessyni í Ytri-Hjarðardal á áttæðis-afmæli hans, 14. sept. 1960, til minningar um tvær látnar eiginkonur hans, Helgu Guðmundsdóttur, f. 24. okt. 1874, d. 17. maí 1918, og Mariú Steinþórsdóttur, f. 8. maí 1886, d. 23. apríl 1958. Stofnfé sjóðsins er kr. 10000.00 — tíu þúsund krónur —. Sjóðinn má efla með minningargjöfum og áheitum.

3. gr.

Höfuðstól sjóðsins má aldrei skerða. Hann skal ávaxta í Útibúi Landsbanka Íslands á Ísafirði. Vexti og aðrar tekjur skal leggja við höfuðstól unz hann er orðinn tuttugu þúsund krónur.

4. gr.

Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 20000.00 — tuttugu þúsund krónur —, má árlega verja helmingi af tekjum hans, til þess að styrkja húsmæður í Mosvallahreppi til

dvalar utan heimila þeirra þeim til hvíldar og hressingar. Þegar sjóðurinn er orðinn kr. 30000.00 — þrjátíu þúsund krónur —, má verja $\frac{3}{4}$ árstekna í þessu augnamiði. Hinn hluta teknanna skal ávallt leggja við höfuðstól. 47 19. apríl

5. gr.

Stjórn sjóðsins skal skipuð þremur mönnum. Skal einn kosinn af hreppsnefnd Mosvallahrepps, annar af Kvenfélagi Mosvallahrepps, en hinn þriðji skal kosinn af niðjum sjóðsstofnanda, sem búsettir eru í Önundarfirði og vera úr þeirra hóp. Skal hann vera formaður sjóðstjórnar. Ef enginn niðja sjóðsstofnanda er lengur búsettur í Önundarfirði, skal hreppsnefnd Mosvallahrepps kjósa tvo í stjórn sjóðsins. Kosning í stjórn gildir til fjögurra ára í senn. Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Skulu reikningar sendir sýslunefnd Vestur-Ísafjarðarsýslu til endurskoðunar.

6. gr.

Stjórn sjóðsins skal halda gerðabók, þar sem bókaðar eru allar ákvarðanir um styrkveitingar og annað varðandi sjóðinn, meðal annars reikningar hans. Skipulagsskrá sjóðsins skal færð inn fremst í gerðabók.

7. gr.

Leita skal staðfestingar forseta Íslands á skipulagsskrá þessari og birta í B-deild Stjórnartíðinda.

Staðfesting forsetans á skipulagsskrá fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna, útgefin á venjulegan hátt ad mandatum af dómsmálaráðherra 24. apríl 1961. 48 24. apríl

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Styrktarsjóð munaðarlausra barna.

1. gr.

Sjóðurinn heitir Styrktarsjóður munaðarlausra barna.

2. gr.

Sjóðurinn er stofnaður með kr. 2000.00, sem gefnar eru af börnum Ólafíu Ólafsdóttur, frá Hlíðartúni, f. 29. sept. 1879, d. 24. ág. 1953, til minningar um móður sína.

3. gr.

Til eflingar sjóðnum skulu gefin út minningaspjöld, er seld verði víðs vegar um landið. Enn fremur sé tekið á móti alls konar minningagjöfum, áheitum og öðrum gjöfum, er sjóðnum kann að berast.

4. gr.

Tilgangur sjóðsins er að bæta kjör munaðarlausra barna og unglinga, þeirra er misst hafa báða foreldra sína, eða af einhverjum ástæðum njóta ekki umhyggju þeirra, né annarra, sem ganga þeim fullkomlega í foreldra stað.

5. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtast þar sem sjóðstjórnin á hverjum tíma telur hyggilegt. Höfuðstól hans má aldrei skerða, en úthluta ber samkv. 4. gr. tveimur þriðju hlutum árlegra tekna hans, þegar sjóðurinn er orðinn fullar kr. 100000.00 (Eitt hundað þúsund).